

S
L

Reykjavík, 16. nóvember 2021

Tilvísun: OS2021060002/10.5

Verknúmer: 435 3420

Efni: Kvörtun vegna tjóns á búnaði og tækjum - Ákvörðun

Orkustofnun barst kvörtun dags. 1. júní 2021 með tölvupósti frá S, ásamt fylgiskjölum sem innihéldu:

1. Afrit af svari frá RARIK
2. Bréf sent RARIK þar sem lýsing er á tjóni kemur fram.
3. Svar frá TM vegna tjóns á sumarhústaði sem sent var í tjónagátt TM.
4. Frá úrskurðarnefnd RARIK, sent sem viðhengi í pósti.

Kvörtunin varðar tjón á stórum rafmagnsöfni, salerni og tveimur hitakútum. Notkunarstaður er M, hús merkt G.

Með kvörtuninni fylgdi afstaða RARIK í málinu frá 5. maí 2021 þar sem RARIK hafnar bótaskyldu. Að mati kvartanda ber RARIK ábyrgð á tjóninu.

Málsástæður og sjónarmið aðila

Í kvörtun kemur m.a. fram:

Við S og I erum eigendur að sumarhúsi í M, hús merkt G.

Tjón sem hefur orðið í sumarhúsi okkar sem við tengjum því að rafmagn hefur dottið út oftar en við eigum að venjast og valdi tjóni hjá okkur.

Síðast liðna 6-8 mánuði hefur rafmagn dottið út mislengi, oftar en góðu hófi gegnir. Á hausmánuðum, september og október 2020 þá fór rafmagnið af u.þ.b. 1 klst. í bæði skiptin. Var þá hringt í RARIK á Suðurlandi og koma þá í ljós að þeir voru í vandræðum að koma línunni á. Að auki hefur rafmagnað dottið oft út í stuttan tíma á svæðinu. Þessu höfum við ekki kynnst áður.

Við viljum vísa þessu máli til ykkar, orkustofnunar skv. 8. gr. gerðar um ósætti vegna niðurstöðu Rarik og samskipta við TM vegna höfnunar um tjónabætur.

Með kvörtuninni fylgdu fjögur viðhengi eins og fram hefur komið hér að ofan

Sjónarmið RARIK

Orkustofnun bauð RARIK að tjá sig um kvörtunina ásamt því að stofnunin óskað sérstaklega eftir upplýsingum um einstök atriði með bréfi dags. 18. júní 2021. RARIK veitti svör og umsögn um einstök atriðið með bréfi dags. 1. júlí 2021

Í svari RARIK kemur fram að afstaða RARIK til kvörtunar er að umrætt tjón hafi orðið af völdum rafmagnsleysis í neysluveitu og er því enginn ágreiningur milli RARIK og tjónþola varðandi það. RARIK telur að umrætt rafmagnsleysi hafi orðið í bústaðnum einhvern tíma fyrir 16. janúar 2021. Óvíst sé hvað rafmagnsleysi hafi staðið yfir lengi en ef rafmagnsleysi hefði staðið vikum eða mánuðum saman hefði vatnstjón líklega orðið mun umfangsmeira en raunin varð.

Engar upplýsingar er að finna hjá RARIK um rafmagnsleysi í dreifikerfi veitunnar á notkunarstað tjónþola, aðgerðir í kerfinu eða um spennufrávik að utan leyfilegra marka á líklegum tjónstíma sem telja með skynsamlegu móti að gæti hafa hafa orsakað rafmagnsleysi sem aftur olli tjóni því sem hér um ræðir. Þar sem tjónþoli hafi komið að bústaðnum rafmagnslausum þann 16. janúar 2021 en við að slá lekaliða aftur inn hafi komið á rafmagn á bústaðinn bendi til að orsök rafmagnsleysis sé í neysluveitunni en ekki í kerfi RARIK. RARIK hafnar bótaskyldu þar sem húseigandi ber ábyrgð á ástandi neysluveitu en ekki dreifiveita.

Í svari RARIK fylgdi með umfjöllun um gæði raforku frá september 2020 til janúar 2021. Á þessu tímabili fundust engar skráða rekstrartruflanir sem tengja má þessum notkunarstað. Í atburðarskrá fundust tvö atvik.

Sunnudaginn 20. september varð útleysing á útgangandi aflrofa í aðveitustöðinni R, sem olli rafmagnsleysi hjá tjónþola frá kl. 13:57 til kl. 16:10, en notkunarstaður tjónþola tengist þessum útgangi. Gerð var tilraun til að setja rofann inn kl. 14:22, en hann leysti jafnóðum út aftur 80 millisekúndum síðar. Ekki er vitað hver er orsök útleysingar, en líklegast er að þetta hafi verið verið truflun sem gengið hafi yfir án þess að þurft hafi að gera við bilun. Með hliðsjón af tímasetningu og málsatvikum tjóns er þó ansi langsótt að þessi truflun hafi nokkuð með tjónsatvikið sjálft að gera.

Þann 10. desember var útgangandi rofi í R opnaður kl. 00:18 og settur inn aftur kl. 01:50. Hefur það valdið rafmagnsleysi hjá notanda á sama tíma. Ekki er unnt að sjá að það rafmagnsleysi geti með nokkru móti skýrt útleysingu lekastraumslíða í sumarhúsi tjónþola og það rafmagnsleysi sem hún olli og uppgötvuð var 16. janúar.

Einnig fylgdi með tímalína hæstu spennugilda í aðveitustöðinni í R á tímabilinu september til janúar. Ekki sé hægt að sjá á meðfylgjandi grafi um spennufrávik yfir mörkum á innmötunarstað inn á dreifikerfið í aðveitustöð.

Í þessu sumarhúsakerfi er einn mælir sem sýnir gögn fyrir umbeðið tímabil. Engin dæmi finnst um spennufrávik utan marka á tímabilinu. Eftirfarandi rafmagnsleysi koma fram í atburðarskrá orkumælisins:

8.9.2020	frá kl. 2:28 til kl. 2:39	(11 mínútur)
8.9.2020	frá kl. 3:02 til kl. 3:03	(1 mínúta)
20.9.2020	frá kl. 13:56 til kl. 16:10	(134 mínútur)
17.10.2020	frá kl. 18:34 til kl. 18:43	(9 mínútur)
10.12.2020	frá kl. 00:04 til kl. 1:50	(106 mínútur)

Staðhæfing tjónþola um að síðastliðinn vetur óeðlileg afhendingargæði rafmagns verður því ekki fundin traust stöð í ofagngreindum gögnum. Vísar RARIK því á bug að áreiðanleiki raforkuafhendingar á notkunarstað tjónþola hafi verið lakari en gera má ráð fyrir í dreifikerfi í dreifbýli.

RARIK telur að ekki sé vitað um hvenær sumarbústaðurinn verður rafmagnslaus en dagsetningin 16. janúar 2021 sé dagsetningin sem tilgreind er í tjónsdagur í kvartanaformi sem tjónþoli skili til RARIK, það er sá dagur sem tjónþoli uppgötvaði tjónið þegar hann kom í mannlausan bústað sinn. Þar lýsir tjónþoli að hann hafi komið að húsinu rafmagnslausu sem hafi staðið yfir í nokkurn tíma og að hitastigið úti hafi verið það sama og inni í sumarhúsinu á þeim tímapunkti.

Orkustofnun óskaði sérstaklega eftir upplýsingum um gæði raforku og spennugæði 16. janúar 2021 og samkvæmt RARIK er engin rekstrartruflun skrá á þeirri dagsetningu.

Þá kemur einnig eftirfarandi fram í svari RARIK til Orkustofnunar:

Eðli máls skv. eru engin frekari gögn til um útleysingu lekastraumsliða í aðaltöflu neysluveitu, enda ekki unnt að fylgjast með því frá dreifikerfi. Eini búnaður RARIK sem hugsanlega gæti veitt slíkar upplýsingar er snjallorkumælir í aðaltöflu, en slíkur mælir hefur ekki enn verið settur upp á þessum notkunarstað. Málsgögnin eru því fölgin í samtali tjónþola og starfsmanns RARIK.

Hins vegar kemur þessi lýsing vel heim og saman við þá staðreynd að engar vísbendingar um rekstrartruflanir í kerfi RARIK sem tengja má tjónsatviki eru finnanlegar. Eina ályktunin sem unnt er að draga af þessu er sú að rafmagnsleysi í sumarhúsi tjónþola hafi orðið af völdum útsláttar lekastraumsrofa, sem að hans sögn var útsleginn þegar að var komið. Útsláttur lekaliða í aðaltöflu er eðlilegur ef lekastraumur verður í neysluveitu, þ.e. bilun í raftæki eða raflögn í neysluveitu, en óeðlilegur annars. Lekastraumsliði á ekki að slá út við rafmagnsleysi í dreifikerfi veitu, jafnvel þó slíkt rafmagnsleysi hefði orðið. Líta verður því svo á að rafmagnsleysið verði að rekja til bilunar í neysluveitu ellegar ágalla á virkni lekastraumsrofa. Þessari afstöðu til stuðnings vill RARIK jafnframt vísa til fordæmis í úrskurði Orkustofnunar, dags. 8. nóvember 2018 varðandi skemmdir í sumarhúsi að C, þar sem fjallað er um sambærilegt mál, þ.e. tjón sem leiddi af rafmagnsleysi í kjölfar útleysingar á lekastraumsliða í aðaltöflu neysluveitu. Hér á hið sama við og í því máli að húseigandi, þ.e. tjónþoli, ber ábyrgð á ástandi neysluveitu og afleiðingum þess, en ekki dreifiveitan.

Einnig fylgir með í svari RARIK skráning tjónþola í kvartanaform á heimasíðu, dags. 26.4.2021 ásamt skráningu afgreiðslu RARIK í kvartanaskráningarkerfi. Einnig fylgir tölvupóstur veitustarfsmanns til nánari lýsingar á samtal við tjónþola, dags. 21. júní 2021. Þar telur starfsmaður RARIK að rofið (rafmagnsleysið) hafi verið í töflu sumarhússins. Þá fylgir með atburðarskrá orkumælis á lóð E, M, þar sem fram kemur í tímaröð útslátt og hvenær rafmagn tengist aftur mælinum.

Athugasemdir kvartanda við sjónarmið RARIK

Orkustofnun bauð kvartanda að koma á framfæri athugasemdum við afstöðu RARIK til kvörtunarinnar með bréfi dags. 19. júlí 2021. Og einnig sent í tölvupósti. Frestur var veittur til 3. ágúst 2021. Ennfremur var sent ítrekun með tölvupósti 11. ágúst 2021. Ekkert svar barst Orkustofnun og telur stofnunin því að S og I hafi ekki í hyggju að gera athugasemdir við afstöðu og svar RARIK.

Forsendur og niðurstaða

Samkvæmt lýsingu kvartanda varð tjón á stórum rafmagnsöfni, salerni og á tveim hitakútum. Orsökinn sé rafmagnsleysi. RARIK tilgreinir að skv. samtali við kvartanda hafi komið í ljós að þann 16. janúar 2021 hafi lekastraumsloki ekki verið á en við að slá honum inn í rafmagnstöflu hafi komið á rafmagn í sumarhúsinu.

Samkvæmt skilgreiningu 2. tl. 3. gr. raforkulaga nr. 65/2003 er dreifiveita fyrirtæki sem hefur leyfi til dreifingar raforku á afmörkuðu svæði. Í 3. tl. er dreifiveitusvæði skilgreint sem landssvæði þar sem dreifiveita hefur einkarétt og skyldu til dreifingar raforku.

Um starfsemi og skyldur dreifiveitu er fjallað um í 16. gr. raforkulaga nr. 65/2003. Dreifiveita annast dreifingu raforku og kerfisstjórnun á dreifiveitusvæði sínu. Hún skal viðhalda, endurbæta og byggja dreifikerfið upp á hagkvæman hátt að teknu tilliti til öryggis, skilvirkni. áreiðanleika afhendingar og gæða raforku sbr. 1. mgr. 16. gr. laganna.

Reglugerð nr. 1048/2004 um gæði raforku og afhendingaröryggi er m.a. ætlað að tryggja, svo sem kostur er, fullnægjandi gæði og afhendingaröryggi raforku. Í II. kafla er fjallað um skyldur. Samkvæmt 5. gr. skulu vinnslufyrirtæki, flutningsfyrirtækið og dreifiveitur koma á innra eftirliti með gæðum raforku og afhendingaröryggi í samræmi við 28. gr. raforkulaga. Ákvæði 6. gr. reglugerðarinnar fjalla um úrbætur og kemur þar m.a. fram að verði truflanir í kerfum flutningsfyrirtækis, dreifiveitna eða vinnslufyrirtækja, sem valda flutningstakmörkunum, skerðingu á raforku eða færa ástand þeirra úr skorðum svo það lendi utan marka, skulu framangreind fyrirtæki bæta rekstrarástand kerfa sinna svo fljótt sem kostur sé.

Orkustofnun bendir á að ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 1048/2004 á við um tilvik þegar truflanir eru í kerfum flutningsfyrirtækis, dreifiveitna eða vinnslufyrirtækja er að ræða. Ekkert bendir til þess að RARIK hafi ekki sinnt skyldu sinni samkvæmt 1. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 1048/2004 um að bæta rekstrarástandi kerfa sinna svo fljótt sem kostur. Orkustofnun bendir einnig á að ákvæði 2. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 1048/2004 tekur til tilvika þegar um er að ræða viðhald á raforkukerfinu sem veldur skerðingu eða flutningstakmörkunum. Í þeim tilvikum er viðhald nauðsynlegt og geta dreifiveitur og flutningsfyrirtæki séð slíkar skerðingar fyrir

Í 11. gr. reglugerðar um gæði raforku og afhendingaröryggi kemur fram að flutningsfyrirtæki/dreifiveitur skulu fylgjast með spennu í kerfinu og breytingum sem verða á henni. Í töflu 2 í viðkomandi grein kemur fram að miða skal við að tíðni sé 50 Hz en leyfileg eru ákveðin frávik. Varðandi afhendingarspennu eru vikmörkin +-10. Nafnspenna er miðuð við 230 V og eru því lægri mörkin 207 V en hærri mörkin 253 V.

Það liggur fyrir samkvæmt athugasemdum frá RARIK dags. 1. júlí 2021 að spenna sem mæld var á tímabilinu frá september 2020 – janúar.2021 teljist vera innan viðmiðunarmarka skv. reglugerð nr. 1048/2004 um gæði raforku og afhendingaröryggi með áorðnum breytingum.

Meginreglan er sú að tjónþoli á rétt til bóta séu tiltekin skilyrði fyrir hendi en reglur um skaðabætur taka eingöngu til þess tjóns sem verður af tilteknum orsökum auk þess sem tjón verður að vera rakið til sakar.

Þannig verður tjónþoli að sýna fram á, að einhver annar en hann sjálfur eigi sök á tjóninu vegna mistaka, yfirsjórnar, vanrækslu eða þess háttar. Undantekningin frá meginreglunni um að sök sé skilyrði bótaskyldu er hlutlæg bótaábyrgð.

Hlutlæg bótaábyrgð stofnast án tillits til þess hvort tjón verði rakið til sakar. Kvörtunin snýst um að möguleg truflun í raforkukerfinu hafi valdið tjóninu í janúar 2021, en ekki um skerðingu á afhendingu rafmagns eða spennubreytingum sem RARIK beri ábyrgð á sem jafna megi við skerðingu á afhendingu rafmagns og því á ákvæði 8. tl. 3. mgr. 16. gr. raforkulaga nr. 65/2003 um hlutlæga bótaskyldu vegna langvarandi skerðingar ekki við.

Samkvæmt því sem kemur fram í málinu virðist ekki vera hægt að heimfæra tjónið til frávika utan viðmiða sem tilgreind eru í 11. gr. reglugerðar nr. 1048/2004 um gæði raforku. Í ljósi framangreinds telur Orkustofnun að RARIK sé ekki ábyrgt fyrir tjóni á tækjum og búnaði í viðkomandi sumarhúsi og ber fyrirtækinu því ekki að bæta það.


Ákvörðunarorð

Kröfu S um að RARIK sé bótaskyld vegna tjóns á búnaði og tækjum í sumarhúsi í M, hús merkt G er hafnað.

Stjórnvaldsákvarðanir sem teknar eru af Orkustofnun á grundvelli raforkulaga og varða gjaldskrá eða starfsemi flutningsfyrirtækisins eða dreifiveitna sæta kæru til úrskurðarnefndar raforkumála sbr. 1. mgr. 30. gr. raforkulaga nr. 65/2003. Kæra til nefndarinnar skal vera skrifleg og skal hún borin fram innan 30 daga frá því að aðila var tilkynnt um ákvörðun.

Virðingarfyllst,
f.h. orkumálastjóra


Hanna Björg Konráðsdóttir
lögfræðingur


Sigurður H Magnússon
verkefnastjóri

Afrit sent til: RARIK ehf., Dvergshöfða 2. 110 Reykjavík .